

Fréttabréf Viðskiptaráðs – 2. febrúar 2009

Ný ríkisstjórn

Ný ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, undir forystu Jóhönnu Sigurðardóttur, hefur tekið til starfa. Stjórnin mun starfa í skamman tíma, eða fram að alþingiskosningum, sem fyrirhugað er að halda í apríl á þessu ári. Viðskiptaráð óskar nýrri stjórn velfarnaðar í starfi sínu og fagnar því sérstaklega hversu stuttan tíma það tók flokkana að mynda nýja stjórn. Í gegnum tíðina hefur Viðskiptaráð átt farsælt samstarf við stjórnvöld um eflingu íslensks atvinnu- og viðskiptalífs og standa vonir ráðsins til þess að svo verði áfram.

Ráðherralisti nýrrar stjórnar:

Forsætisráðherra: Jóhanna Sigurðardóttir

Fjármálaráðherra: ráðherra sjávarútvegs og landbúnaðar: Steingrímur J. Sigfússon

Utanríkisráðherra og ráðherra iðnaðar-, orku- og byggðamála: Össur Skarphéðinsson

Menntamálaráðherra: Katrín Jakobsdóttir

Félagsmálaráðherra: Ásta R. Jóhannesdóttir

Heilbrigðisráðherra: Ögmundur Jónasson

Dómsmálaráðherra: Ragna Árnadóttir

Viðskiptaráðherra: Gylfi Magnússon

Samgönguráðherra: Kristján L. Möller

Umhverfisráðherra: Kolbrún Halldórsdóttir

Verkefnalisti nýrrar ríkisstjórnar

Ný ríkisstjórn hefur birt verkefnalista næstu vikna og mánaða. Atriðin sem lögð er áhersla á lúta einkum að atvinnulífinu, fjármálakerfinu, heimilunum í landinu og stjórnsýslunni. Flest þeirra verkefna sem lagt er upp með að ráðast í ættu að efla stöðu fyrirtækja og heimila á þessum viðsjárverðu tímum. Það er þó mikilvægt til að tryggja skilvirka og hraða afgreiðslu á þeim verkefnum sem mest knýr á að hrinda í framkvæmd að forgangsröðun ríkisstjórnarinnar taki mið af þeim skamma tíma sem er til kosninga. Þannig ætti áherslan að vera á óumdeild, hagnýt úrlausnarefni sem miða að því að greiða úr erfiðri stöðu efnahagsmála fremur en pólitískum og umdeildum framtíðarmálum. Þar sem stutt er í kosningar er þó eðlilegt að hver og einn flokkur móti skýra framtíðarsýn í slíkum málum og kynni þá sýn á komandi mánuðum. Þrátt fyrir að skammt sé til kosninga er ljóst að við nýrri stjórn blasir mikið verk og því enn mikilvægara en ella að hún hefjist þegar handa.

Viðskiptaráð mun á næstu dögum og vikum fjalla ítarlega um einstök atriði verkefnalistans og koma með hagnýtar tillögur að því hvernig megi hrinda þeim í framkvæmd með skjótum og skilvirkum hætti. Eins mun ráðið bæta við tillögum sem geta nýst í því verkefni sem ný ríkisstjórn stendur frammi fyrir á næstu 80 dögum. Með þessu vill Viðskiptaráð leggja sitt af mörkum til þess að leggja traustan grunn að varanlegri endurreisn íslenska hagkerfisins.

[Verkefnalistinn á síðu Samfylkingar.](#)

[Verkefnalistinn á síðu VG.](#)

Viðhorfskönnun birt á morgun

Afleiðingar yfirstandandi gjaldeyris- og fjármálakreppu eru víðtækar og hafa gjörbreytt viðskiptaumhverfi á Íslandi á skömmum tíma. Til að kanna afstöðu félagsmanna til stöðu efnahagsmála í kjölfar bankahrunsins spurði Viðskiptaráð út í rekstrarstöðu aðildarfyrirtækja, afstöðu til opinberrar stjórnsýslu, aðgerðir til úrbóta og afstöðu til Evrópusambandsaðildar. Þetta var gert í formi könnunar sem send var öllum aðildarfélögum Viðskiptaráðs, en í þeim hópi eru fjölmörg fyrirtæki úr öllum geirum atvinnulífsins. Það er til marks um áhuga félagsmanna á málefninu að svarhlutfall reyndist ríflega 60%, sem er mjög viðunandi fyrir þetta form könnunar, Niðurstöður könnunarinnar verða birtar í heild sinni á morgun og verða öllum aðgengilegar á [vefsíðu Viðskiptaráðs](#).

Það er verk að vinna

Finnur Oddsson framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands ritaði eftirfarandi grein í Viðskiptablaðið 29. febrúar síðastliðinn:

Það er verk að vinna

Við íslensku þjóðinni blasir eitt umfangsmesta verkefni fyrr og síðar. Staða efnahagsmála er mjög slæm og viðfangsefni næstu vikna og mánaða því skýrt: grípa þarf tafarlaust til árangursríkra aðgerða sem leggja grunninn að farsælli endurreisn íslensks efnahagslífs. Reynsla af fjármála- og gjaldeyriskreppum frá öðrum löndum hefur sýnt að einn mikilvægasti einstaki þáttur endurreisn í kjölfar efnahagshruns eru skjót og fumlauð viðbrögð stjórnvalda. Því fyrr sem stjórnvöld bregðast við vandanum með afgerandi hætti, þeim mun skemmri tími líður þar til hagkerfið kemst á braut varanlegrar efnahagslegrar endurreisnar.

Það er því mikilvægt að sviptingar í íslenskum stjórnámálum verði ekki til þess að tefja framgang brýnna umbótaverkefna meira en orðið er. Það skiptir ekki máli af hverju samstarfi stjórnarflokkana var slitið. Það skiptir heldur ekki höfuðmáli hverjir taka við í stjórn. Það sem skiptir máli er að á Íslandi verði sem fyrst komin á starfhæf ríkisstjórn sem gengur snöfurmanna til verks við úrlausn aðkallandi vanda. Án aðgerða stefnir í óefni. Að öllu óbreyttu má gera ráð fyrir að á fjórða þúsund fyrirtækja fari í þrot á árinu. Ekki þarf að fjölyrða um afleiðingar slíkrar gjalþrotahrinu fyrir heimili og efnahagslíf almennt.

Verkefnin eru augljós. Það þarf að byggja upp traust á íslenskt efnahagskerfi, bæði innanlands og utan, koma lagi á laskaðan fjármagnsmarkað og auka aðgengi að lánsfé, stuðla að lækkun vaxta, afnema hömlur á gjaldeyrisviðskipti, greiða úr skuldavanda og tryggja að ósveigjanleg gjaldþrota og skattalöggjöf komi ekki í veg fyrir hagfellda úrlausn vandamála fyrirtækja og heimila. Síðast en ekki síst verður að tryggja að nýtt bankakerfi uppfylli þarfir atvinnulífs, en það forsenda þess að af efnahagslegum bata verði náð.

Allt eru þetta krefjandi verkefni og þau mega síst við því að týnast í pólitískum þrætum stjórnámálanna sem gjarnan fylgja róti á sviði stjórn mála, prófkjörum, kosningabaráttu og kosningum. Áhersla stjórnámálanna á ekki að vera á eign hagsmuni eða hagsmuni flokka, heldur fyrst og fremst á hag heimila og fyrirtækja til skemmri tíma. Þeirri stjórn sem nú tekur við er ekki ætlað annað hlutverk en það. Til annarra verka hefur hún ekki umboð fyrr en að loknum kosningum, en þá tekur við langtímastefnumörkum um stjórnun efnahagsmála til framtíðar.

Öll ofangreind vandamál heimila og fyrirtækja er hægt að leysa og brýnt að áhersla stjórn mála, atvinnulífs og heimila verði á uppbyggilegar lausnir sem fundinn verður farvegur í gegnum markvissar og áhrifaríkar aðgerðir stjórnvalda. Það er verk að vinna og það þarf að vinna núna.

Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands